

ENDURMAT



LÆSI OG SAMSKIPTI

Skólaárið 2021-2022




INNGANGUR

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að það er á ábyrgð sveitarfélaga að hafa eftirlit með starfsemi þeirra leikskóla sem þeim tilheyra og tryggja að farið sé eftir Aðalnámskránni sem og lögum og reglugerðum. Það er að beiðni Menntasviðs Kópavogs sem þessi samantekt á endurmati skólans um námsþáttinn læsi og samskipti er gerð og er hluti af ytra mati. Niðurstöðurnar eru jafnframt nýttar innan veggja skólans til að auka gæði námsins, vinna með styrkleika skólans og bæta það sem má betur fara.

FRAMKVÆMD

Matið er byggt á viðmiðum/gátlistum sem unnir voru af nefnd á vegum Menntasviðs. Gagnaöflun var gerð með svipuðum hætti og árið 2020-2021 nema nú var bætt um betur og foreldrar og börn fengin til að taka þátt í matinu. Matsteymi var sett saman í lok maí. Farið var inn á allar deildir og ákveðnir þættir metnir út frá gátlistunum, einnig svaraði starfsfólkið og foreldrar rafrænum skoðanakönnunum. Framkvæmdin fór fram í júní 2022. Í teyminu voru Ragnheiður Gróa Hafsteinsdóttir sérkennslustjóri, Svanhvít Friðriksdóttir sérgreinastjóri, Sigrún Vatnsdal Bjarnadóttir deildarstjóri og Berglind Þóra Sigurðardóttir deildarstjóri. Efnistöð matsins voru flokkuð niður og sá Gróa um að meta samverustundir, Lubba, Blæ og líkamlega umhirðu. Sigrún skoðaði frjálstan leik umhverfi og aðlögun og Berglind skoðaði matartíma, ævintýraferðir, fataklefa og útiveru. Svanhvít skoðaði sjálfstýrandi þing og kennarabing. Hún setti einnig saman spurningarlista fyrir starfsfólk leikskólans og annan fyrir foreldra og voru þessir hópar hvattir til að svara bæði með tölvupósti frá leikskólastjóra og síðar frá deildarstjórum. Einnig setti Svanhvít saman spurningarlista fyrir börnin á leikskólanum og fékk Rannveigu sérkennara til ræða við börnin út frá spurningalistanum. Hópurinn vann svo úr þessum niðurstöðum.



NIÐURSTÖÐUR

Matsteymið setti saman niðurstöður byggðar á þeim gögnum sem talin eru hér að ofan og voru niðurstöðurnar nýttar sem umræðupunktur með starfsfólki þegar að endurmat á starfsáætlun skólaársins fór fram í júní.

Engin ágreiningsmál komu upp í þessari umræðu og starfsmannahópurinn samstíga í þeim þáttum skólastarfsins sem þarfnast úrbóta.

Styrkleikar deildanna eru mismunandi og er tækifæri fólgið í því að skoða og tileinka sér hvað er gert vel hjá samstarfsfólki.

Styrkleikar Bláa gangs (Sjónarhóls og Esju) eru:

- Mikið um verkefni sem hvetja til góðra samskipta og vináttu s.s verkefni þar sem börnin þurftu að setja sig í spor hvers annars og eldflaug sem þau unnu að í sameiningu.
- Nóg af tækifærum til að kynnst og læra á nánasta umhverfi í gegnum ævintýraferðir.
- Nóg af tækifærum til að taka þátt í hlutverkaleik og greina milli leiks og alvöru bæði í flæði og sjálfstýrandi þingi.
- Fá tækifæri til að skoða bækur en bækur eru alltaf sýnilegar og í boði fyrir börnin.

Styrkleikar Gula gangs (Lundar og Öskju) eru:

- Fá oft tækifæri til að setja hugsanir sínar í orð s.s í byrjun á hverri lotu setjast kennarar niður með börnunum og gera hugarkort. Þar fá börnin tækifæri til þess að koma með hugmyndir að verkefnum og segja frá því á hverju þau hafa áhuga.




- Fá mörg tækifæri til að temja sér góða samvinnu í leik í flæði, sjálfstýrandi þingi og útiveru.
- Starfsfólk og börn ná oft góðu og notalegu spjalli yfir matnum um það sem er efst á baugi hverju sinni.
- Það er mikið lagt upp úr því að börnin upplifi jákvæð og uppbyggileg samskipti.

Styrkleikar Perlu eru:

- Mikið lagt uppúr samvinnu um frágang og tiltekt á deildinni.
- Starfsfólk er duglegt að heilsa og kveðja börnin hlýlega þannig eru þau fyrirmynd fyrir börnin.
- Gott aðgengi að efnivið sem hvetur til samskipta og leiks. Starfsfólk er mjög duglegt að setja upp kveikjur sem styðja jafnframt við þetta.
- Börnin fá að upplifa notalegt spjall við bleyjuskipti og hangir spjalllisti með kveikjum fyrir starfsfólk uppi á vegg.

Þau atriði sem má bæta í skólastarfinu almennt:

- Ná að mynda rólegra og notalegra andrúmsloft í matartíma og góðu spjalli við börnin.
- Nota lesmál meira í tengslum við matartíma, t.d matseðil og orð yfir matartegundir.
- Nýta umhverfi meira til að styðja við læsi og samskipti.
- Hlusta á og læra meira af þulum og ljóðum og lögum.
- Kynnast meira af ólíkum tungumálum.
- Vinna meira með stöðu hljóða í orðum.



UMBÆTUR

Aðgerðaráætlun:

- Til að mynda rólegt og notalegt andrúmsloft í matartímanum ætla starfsmenn skólans að búa til lagalista inni á Spotify sem deildirnar geta nýtt sér. Starfsmenn ætla einnig að setja dúka á borðin til að dempa hávaða og fá heimilislegri stemmningu ásamt því að búa til kveikjur að umræðuefnum fyrir hverja deild. Deildarstjórar sjá um að koma þessu í gagnið og samræma reglur og viðmið í matsalnum. Deildarstjórar sjá um eftirfylgni að minnsta kosti einu sinni á önn. Verklök: september 2022
- Deildarstjórar fá starfsmenn til að búa til orða- og myndabanka fyrir deildarnar. Bankinn mun innihalda orð og myndir sem tengjast mat, athöfnum í matsal, borðbúnaði og fleira. Deildarstjórar sjá svo um að virkja sína starfsmenn í að nýta þennan banka í matsalnum. Einnig munu deildastjórar fá starfsmann til að uppfæra matseðilinn og bæta við lesmáli en fyrir eru bara myndir. Þannig ættum við að ná að ýta undir lesmál í tengslum við matartíma t.d matseðil og orð yfir matartegundir. Deildarstjórar sjá um eftirfylgni að minnsta kosti einu sinni á önn. Verklök: Október 2022
- Til að nýta umhverfið til að styðja við læsi og samskipti í auknu mæli munu deildarstjórar og starfsmenn setja niður markmið og leiðir því tengdu í starfsáætlun deilda. Ábyrgðaraðilar eru deildastjórar og verklök eru í október 2022.



- Til að börnin fái að hlusta og læra meira af þulum, ljóðum og lögum í leikskólanum ætla deildarstjórar að setja starfsmann í að setja saman bækling (nýta úr fyrri bæklingum) af þulum, ljóðum og lögum fyrir hvern mánuð. Fjölbreyttar þulur, ljóð og lög verða valin sem hæfa aldri barnanna og sett saman í lítinn bækling sem staðsettur verður inni á hverri deild. Deildarstjórar nýta svo þennan bækling í samverur og fjörfundi og hvetja starfsfólkið sitt í að gera hið sama. Deildarstjórar er svo með eftirfylgni einu sinni á önn. Verklok: júní 2023.
- Deildastjórar fá starfsmann til að setja inn í bæklinginn lög á ólíkum tungumálum. Þannig getum við á skemmtilegan hátt byrjað að kynna börnin fyrir ólíkum tungumálum. Einnig að fá foreldra tvítyngdra barna til að koma með þekkt lög frá þeirra landi sem við getum sungið með börnunum. Deildastjórar er svo með eftirfylgni einu sinni á önn. Verklok: júní 2023.
- Vinna þarf meira með hljóðkerfisvitund eins og stöðu hljóða, rím og fleira. Það verða sett inn markmið og leiðir þessu tengdu inn í starfsáætlun deildanna. Ábyrgðaraðilar eru deildarstjórar og halda þeir utan um það að unnið sé að þessum markmiðum. Eftirfylgni tvisvar á önn er í höndum sérkennslustjóra. Verklok: október 2022.
- Sett verður á laggirnar „Hljómsveit“ haustið 2022. Í Hljómsveitinni verður næst elsti árgangur leikskólans hverju sinni en verkefnið er hugsað til lengri tíma. Hópurinn hittist einu sinni í viku. Aðaláherslan verður á málörvun, að efla orðaforða, hlustun, máhljóð, rím og samsett orð. Einnig verður unnið með tölur og talnaskilning. Verklok: september 2022.
- Settur verður saman hópur tvítyngdra barna sem hittist vikulega með kennara. Aðaláherslan verður á málörvun, orðaforða, hlustun, máhljóð og rím. Verklok: september 2022.

